

# Framtíð VERU

## Staða VERU

Vera er tímarit útgefið af Samtökum um Kvennalista. Nú þegar Kvennalistinn hefur gengið í kosningabandalag við A-flokkana og er í samningaferli um að stofna nýjan flokk, þá er spurning um framtíð Veru. Hvaða hlutverki á Vera að gegna og hvernig.

Rætt hefur verið um að gera Veru að sjálfstæðri einingu, sem yrði samnefnari og málagn kvenfrelsis og kvenfrelsisbaráttu. En ef tímaritið Vera á að verða að sjálfstæðri einingu þá verður það að skapa traustari fjárhagslegan grunn, sem fram að þessu það hefur ekki haft. Kvennalistinn, sem útgefandi tímaritsins hefur stutt það fjárhagslega.

Tekjur tímaritsins eru um 9 milljónir á ári. Sem stendur hefur Vera 1.600 áskrifendur sem skilar um kr. 6 milljónum í tekjur og tekjur af auglýsingum er um kr. 3 mill. Kostnaður við að gefa út tímaritið er um kr. 11 milljónir á ári. Eftir standa um tvær millljónir í reksrarhalla sem að Kvennalistinn hefur staðið undir fram að þessu.

Rekstrarhalli hefur þó rokkað ár frá ári, sum ár eru fjárhagslega betri en önnur. Undanfarið ár hefur áskrifendum fækkað og má rekja þá fækkun til ákveðinnar uppstokkunar innan Kvennalistans í kjölfar ákvörðunar hans að ganga til samstarfs við A-flokkana í Samfylkingunni. Að auki hefur ýmis kostnaður tímaritsins aukist með "landfræðilegum" aðskilaði við Kvennlistans, þar sem að Vera greiðir nú leigu fyrir húsnæði í Hlaðvarpanum og stendur undir ýmsum kostnaði sem áður var greiddur af Kvennlistanum.

Ef að tímaritið Vera á að verða að sjálfstæðri einingu, þá verður að finna tekjulind til að dekka fjárhagshallann.

## Möguleikar VERU

Tækifærið sem skapast þegar Vera aðskilur sig frá Kvennlistanum er að hægt er að endurskilgreina ímynd tímaritsins og, ef að vel tekst til, þá skapast tækifæri til að höfða til breiðari áskrifenda- og stuðningshóps. Meðan Vera hefur þá ímynd að það sé eingöngu málagn Kvennalistans, þá takmarkast mögulegur áskrifenda- og stuðningshópur.

Til þess að nýta þetta tækifæri verður Vera að endurskilgreina sig og ímynd sína.

Fyrirsjáanlegir eru tveir möguleikar til þess að styrkja fjárhagsgrunn Veru, eftir að Vera hefur endurskilgreint sig og hlutverk sitt.

1. Að leita til breiðari áskrifendahóps, t.d.:
  - Félagar í A-flokkunum
  - Samfylkingarfólk
  - Hluthafar í Hlaðvarpanum
2. Að leita eftir bakhjörlum sem veita árlega styrki til útgáfu veru, t.d.:
  - Kvenréttindafélagið
  - Jafnréttisráð
  - Jafnréttisnefnd Rvk
  - Jóhönnusjóður